

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

12. október 2023  
UST202309-306/D.A.M.  
04.00

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur

Vísað er til bréfs dags. 28. september 2023 þar sem atvinnuveganefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur til umsagnar. Stofnunin fagnar áformum þingmanna um að skipa starfshóp um bætt tækifæri bænda til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi, m.a. skógrækt og endurheimt votlendis- og þurrlendisvistkerfa, og til að stuðla að því að skapa græna hvata fyrir bændur. Í ályktuninni er gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun annist eftirlit með framkvæmd verkefnisins svo tryggt verði að fjármagn sem varið verði til aðgerðanna nýtist á sem bestan hátt.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við meginefni ályktunarinnar en bendir á að stofnunin ber ábyrgð á losunarbókhaldi Íslands. Aftur á móti hefur sá hluti losunarbókhalds er snýr að landnotkun og skógrækt iðulega verið unninn af Landgræðslunni og Skógræktinni. Umhverfisstofnun telur því ekki liggja fyrir með skýrum og ótvíræðum hætti hvers konar eftirlitshlutverki stofnunin eigi að sinna og telur að afmarka þurfi eftirlitshlutverk þetta með frekari hætti.

Í tillögunni kemur meðal annars fram að ráðherra skuli skipa starfshóp með það að markmiði að auðvelda bændum að gera íslenskan landbúnað umhverfisvænni og að skapaðir verði jákvæðir grænir hvatar svo að bændur njóti góðs af skuldbindingum íslenska ríkisins í umhverfismálum. Með því gætu bændur tekið að sér enn metnaðarfullra hlutverk en áður við endurheimt vistkerfa með því að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisstofnun vill benda á núgildandi heimild í 5. mgr. 13. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem veitir stofnuninni heimild til að gera samninga við landeigendur um náttúruvernd. Umhverfisstofnun hefur unnið að frekari útfærslu á heimildinni í samráði Landgræðsluna, matvælaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og telur stofnunin að sú vinna geti nýst í áframhaldandi mótun á grænum hvötum fyrir bændur. Stofnunin gæti því veitt fyrirhuguðum starfshóp ráðgefandi álit varðandi þá vinnu.

Virðingarfyllt,

Daníel Arnar Magnússon  
***lögfræðingur***

Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
***teymisstjóri***